

Pistill oddvita

Með pistlum sem þessum er markmiðið að auka upplýsingagjöf til íbúa og þeirra sem vilja vera vel upplýstir um það sem er í gangi hjá sveitarfélaginu hverju sinni. Eftir að Bláskógafréttir hættu að koma út lögðust oddvitipistlar af en nú er ætlunin að byrja aftur með pistla sem ég vona að eigi eftir að skila sér í betra upplýsingaflæði til íbúa.

Ný sveitarstjórn tók við stjórn sveitarfélagsins eftir kosningarnar 16. maí sl. Það eru fjölmörg verkefni sem bíða nýrrar sveitarstjórnar í ört stækkandi og vaxandi sveitarfélagi. Sveitarstjórn fundar fyrsta og þriðja miðvikudag í hverjum mánuði kl. 9:00 í Aratungu, nema annað sé ákveðið. Fundarboð er birt á heimasíðu sveitarfélagsins tveimur dögum fyrir fund. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu Bláskógabyggðar og þar er hægt að sjá þau gögn sem fjallað er um hverju sinni.

Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessu ári, flest verkefni eru komin vel á veg og munu vonandi klárast áður en vetur gengur í garð. Stærsta framkvæmdin á þessu ári er endurnýjun sundlaugarinnar í Reykholti. Framkvæmdir ganga vel og gert er ráð fyrir að hægt verði að opna laugina um mánaðarmótin okt/nóv ef ekkert óvænt kemur uppá á lokametrinum. Ég finn að íbúar eru orðnir langþráðir á að komast í sundlaugina sér til heilsubótar og hitta íbúa, vini og aðra gesti enda hefur laugin verið hálfgerð félagsmiðstöð frá upphafi.

Gatnagerð og lagning á göngustígum er eitt af stóru verkefnum sumarsins. Í Traustatúni og Herutúni á Laugarvatni er þessa dagana unnið að uppbyggingu götunnar og lagningu lagna. Þá er gatnagerð í Fálkamýri (hesthúsahverfinu) á Laugarvatni að ljúka og svo er einnig með Kotstún (iðnaðarsvæðið) á Laugarvatni. Í Borgarríma í Reykholti er verið að klára yfirborðsfrágang í öðrum áfanga á götunni. Búið er að endurnýja malbik á hluta Holtagötu í Laugarási. Talsverðar framkvæmdir við lagningu göngustíga í þéttbýlisstöðunum standa fyrir dyrum á þessu ári. Í Laugarási verður göngustígur lagður í Vesturbyggðinni. Í Reykholti verður stígur lagður með Kistuholtinu og einnig verður Miðholt, Kistuholt og Brekkuholt tengt saman með göngustíg. Á Laugarvatni verður stígur lagður í Skólatúninu, í Háholti og í hluta af Torfholti.

Það eru mikil og stór verkefni hjá Bláskógaveitu á þessu ári. Ljúka á fullnaðartengingu nýju borholunnar í Reykholti við veitukefið fyrir veturinn en holan hefur verið bráðabirgðatengd hingað til en ljúka þarf byggingu dæluhússins og setja upp allan vélbúnað. Á Laugarvatni er þessa dagana unnið að hönnun á lagnaleiðum og dæluhúsi vegna nýju borholunnar. Sú hönnun verður kynnt fyrir íbúum mjög fljótlega, stefnt er að því að bráðabirgðatengja borholuna fyrir veturinn.

Í kaldavatsveitunni eru sem fyrr fjölmörg verkefni í gangi en stærsta verkefnið er uppsetning á miðlunartönkum hjá veitunni á Laugarvatni. Miðlunin er sett til að taka við þegar stórar sveiflur eiga sér stað og notkun er mikil. Með þessari framkvæmd er verið að auka afhendingaröryggi á köldu vatni á Laugarvatni til muna.

Endurnýja þurfti allt frárennsli frá ípróttahúsinu á Laugarvatni, en í ljós kom að lagnir voru illa farnar og virkuðu ekki sem skyldi. Leggja þurfti dren við Reykholtsskóla til að fyrirbyggja raka í veggjum á jarðhæð en grunur var um rakamyndun í veggjum.

Það eru fjölmargar aðrar framkvæmdir og viðhaldsmál í gangi alla daga, eins og að endurnýja dúka, mála, yfirfara lagnir og rafmagn í okkar fasteignum, sem of langt mál er að telja upp.

Búið er að setja upp lausa kennslustofu við Bláskógaskóla á Laugarvatni til að mæta brýnni þörf, það er óskandi að þessi stofa nýtist vel þangað til búið verður að leysa húsnæðismálin með varanlegum hætti.

Skólarnir okkar eru allir farnir af stað eftir sumarleyfi. Í Reykholtsskóla eru 90 nemendur, í Bláskógaskóla á Laugarvatni eru 53 nemendur. Í leikskólanum Bláskógum eru nú 43 nemendur í Álfaborg (Reykholt), en stefnir í að þeir verði 50 áður en um langt líður, og í Gullkistunni (Laugarvatn) eru nú 27 nemendur, en stefnir í að þeir verði fljótlega 30.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að hefja vinnu við heildarúttekt á umferðaröryggi á öllum götum og stígum í þéttbýlisstöðunum. Þessi vinna mun hefjast í haust og í framhaldinu verður unnið markvisst með niðurstöðurnar svo umferðaröryggi verði sem best tryggt.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa sjö lóðir lausar til úthlutunar við Herutún á Laugarvatni en gatnagerð er þar í gangi þessa dagana. Einni lóð hefur nú þegar verið úthlutað. Á heimasíðu Bláskógabyggðar er hægt að sjá hvaða lóðir eru lausar til úthlutunar í þéttbýlisstöðunum okkar.

Samþykkt hefur verið í sveitarstjórn að hefja vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þessa dagana er verið að taka saman minnisblað um þá þætti í aðalskipulaginu sem lagt verður til að verði endurskoðað. Kynnt verður betur þegar það liggur fyrir um þá þætti aðalskipulagsins sem verða endurskoðaðir og hvernig vinnuhópurinn verður skipaður sem mun stýra vinnunni ásamt skipulagsráðgjöfum.

Á fundi sveitarstjórnar í byrjun september var árshlutayfirlit Bláskógabyggðar fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagt fram og kynnt. Uppgjörið sýnir að rekstur sveitarfélagsins er í góðu jafnvægi og er heildarniðurstaða A- og B-hluta nokkuð betri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 105,8 m.kr. á tímabilinu, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 92,3 m.kr. rekstrarafgangi. Rekstur samstæðunnar er því um 13,5 m.kr. umfram áætlun. Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 327,9 m.kr. Helstu fjárfestingar eru vegna endurbyggingar sundlaugar í Reykholti, framkvæmda hjá Bláskógaveitu, kaupa á Laugarásjörðinni og vegna gatnagerðar. Fram kom að heildarrekstur samstæðu Bláskógabyggðar sé í góðu jafnvægi eftir fyrstu sex mánuði ársins 2026 og að sjóðstreymi sveitarfélagsins var mjög sterkt á tímabilinu.

Það er von mín að pistill sem þessi verði upplýsandi um það sem er í gangi hjá sveitarfélaginu hverju sinni.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar